

Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
-6617 . Hs. 4863410

september

Pési

175 tbl. 14. Árgangur sept. 2004
Útgefandi: Hrunamannahreppur
E-mail pesi@fludir.is
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason
Sími: 480-6600

Næsti Pési kemur út 15. okt

Skilafrestur á efni er til 11. okt.

Hrunaréttir hefjast kl.10.00, föstud. 10. september.

Fjársafnið verður ekki geymt í réttargerðinu, heldur í Launfitjargirðingu. Því þarf að reka safnið á milli áður en réttir hefjast. Ætlast er til að fjallmenn mæti klukkan 9.00 og aðrir smalar velkomnir.

Eftirsafn leggur af stað föstudaginn 24. september

Heiðarsmölun verður sunnudaginn 19. september.

Skilaréttir verða laugardaginn 2. október kl. 14.00

Að gefnu tilefni vill landbúnaðarnefnd minna á að lögum samkvæmt eiga allir landeigendur að smala sín heimalönd. Þeirri smölun skal lokið fyrir skilaréttir, 2. október.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlítsbæ

Húðhreinsun

Litun og plökkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Föræun

Vaxmeðferðir

Tímarpantanir í síma 566-8342

og 897-3741(HÍÍF)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

Frá Flúðaskóla

Gæti nokkuð verið að hjá ykkur lægju ónotuð húsgögn sem þið væruð hætt að nota, svo sem hægindastólar, sófar, borð, hillur eða jafnvel pottablóm og hátalarar?

Við erum einmitt að innrétta íverupláss fyrir nemendur í frístundum og börnin í skólanum geta eflaust þegið slíka hluti sem hentuðu inn í stofuna. Athugið að ólíklega þýðir að reikna með því að fá þessa hluti til baka.

Með kveðju úr Flúðaskóla
Guðján Árnason skólastjóri
Sími 4806611



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
17. sept..1.okt
og 15.okt.

Pantið tímanlega.

Tímarpantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Flytjandi
- á röttri leið

Flytjandi
- á röttri leið

FLÚDALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagörðum 15, kl: 15:00
Frá Selfossi kl: 16:00
Pálmár: 892-2370 **Bílstjóri:** 892-2371
Heimasími: 486-6685 **Fax:** 486-6693
Netfang: fludal@hvippinn.is



Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00
Þriðjudaga 16:00-18:00
Miðvikudaga 16:00-18:00
Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga - fimmtudaga 18:00-22:00
Föstudaga 17:00-21:30
Laugard og sunnudaga 13:00-18:00

Hrunamannahreppur.

**Skrifstofan er opin,
frá kl 9-12 og 13-16.
Mánudaga til föstudaga**

Atvinna - Atvinna - Atvinna.

**Vantar fólk til garðyrkjustarfa strax,
um er að ræða tímabundna vinnu.
Einnig vantar meiraprófsbílstjóra.
Upplýsingar í s: 486-6685 og 892-2370**

F

Mánud
Fimmt
Föstud
Laugar
Sunnud

Réttasúpan í Snússu

Á réttadag Hrunamanna þann 10. sept nk.,
verðum við með kjötsúpu til sölu í
Golfskálanum Snússu Ásatúni,
frá kl 14:00-17:00.
Allir hjartanlega velkomnir
Gugga og Grímur

Aukatekjur – spennandi tækifæri

Leitum eftir fólki sem hefur áhuga á
að byggja með okkur
öflugan hóp í skemmtilegum og
ábatasömum viðskiptum.

Spennandi tímar framundan.

Hafdís og Sólmundur
s. 821-2415 og 821-2690

**Starfsmann vantar í heimilishjálpi
sem allra fyrst
Upplýsingar veitir Félagsmálastjóri
í síma 486-8800**

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Nú tekur að hausta og líður að því að starfsemin hjá okkur fari af stað. Fyrsta opna húsið verður 14. október, byrjar kl 13:30. Öll önnur starfsemi byrjar þriðjudaginn 5. október, með föndri, bókbandi og spilamennsku líkt og verið hefur. Þörf er fyrir meiri þátttöku í bókbandinu til þess að hægt sé að halda því gangandi. Við viljum minna á að minningarkort félagsins fást hjá Sigurbjörgu á Heimalandi og Arndísi Miðfelli. Verum nú dugleg að mæta í félagsstarfið.

Kær kveðja
Stjórnin

Bjartari tíð með lækkandi sól

Burtu með aukakílóin, þreytuna og slenið, magaverkinn, stirðu liðina, kvefið og skammdegisdryngann. Frábærar heilsuvörur sem hafa margsannað gildi sitt.



Hafdís og Sólmundur
s. 821-2415 og 821-2690

Frá Kaffi- Seli golfskálanum

Opnunartímar í september:

Lokað mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga.
Opið fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og
sunnudaga til kl. 21.

Opnunartímar í október:

Opið laugardaga og sunnudaga.

Lokað helgina 22-24 okt.

Eftir þennan tíma er hægt að panta fyrir hópa.

Göngur og réttir

Haustinu fylgir alltaf viss tregi en um leið eftirvænting og þá helst ungu kynslóðarinnar, sem stormar í skólann á nýjan leik. Yngsta kynslóðin fer í leikskólann, næsta kynslóð í grunnskólann, flestir halda síðan áfram í framhaldsskólum og svo koll af kolli eftir áhuga, getu og vilja. Treginn er eftirsjá eftir einstaklega fallettu sumri. Bændur og garðyrkjumenn líta yfir uppskeru sumarsins og söngfólkið fer að rifja upp raddir og lög sem sungin voru í fyrra og alltaf bætist eitthvað nýtt við dagskrána. Hver árstími hefur sín einkenni og allt er breytingum undirorpið. Eitt er það þó í sveitinni sem vonandi helst í lengstu lög, en það eru göngur og réttir. Réttadagurinn er einn af hátíðisdögum ársins í sveitinni þar sem ungir sem aldnir njóta sín. Réttasúpan er ómissandi þáttur í hátíðarhaldinu eins og söngurinn. Nú er svo komið hér í sveit að aðeins um 2000 fjár koma af fjalli en mér er sagt að þegar flest fé kom af fjalli hér í eina tíð hafi það verið um 12.000. Þetta er reyndar ekkert einsdæmi. Hér er um mikla breytingu að ræða. Benda má á breyttar neysluvenjur Íslendinga, búháttabreytingar sem og riðuveiki sem búpeningur hér hefur ekki farið varhluta af. Fólki má vart til þess hugsa, hverfi göngur og réttir úr mannlífsflórunni í sveitinni enda er þetta einnig, einn þeirra þátta sem tengja saman íbúa þéttbýlis og dreifbýlis. Talsverð umræða er alltaf um markaðssetningu lambakjötsins svo ekki sé talað um útflutninginn. Ég er þeirrar skoðunar að engir séu betri í að hjálpa okkur í markaðssetningu þessara afurða en íslenskir og erlendir matreiðslumeistarar og kjötiðnaðarmeistarar. Við höfum ekki nýtt okkur þá möguleika til fullnustu. Það eru jafnvel árekstrar milli þeirra sem fara með útflutning lambakjöts á Íslandi. Mest af því lambakjöti sem framleitt er á Íslandi er svo sannarlega villibráð og er ólíkt að bera saman framleiðslu á hvítu kjöti og lamba- eða nautakjöti. Framleiðsla á hvítu kjöti, með fullri virðingu fyrir því, er í raun líkari iðnaði en hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Einstaka þáttur í markaðssetningu lambakjöts hefur tekist vel. Þannig er gaman og fróðlegt að fylgjast með þegar menn eru að bera saman margs konar gerðir hangikjöts fyrir jól s.s. Birkireykt SS kjöt, Húsavíkurhangikjöt Sambandshangikjöt, Kjarnafæðishangikjöt, Hólsfjallahangikjöt o.s.frv. Þarna er í raun höfðað til sömu hvata og þegar verið er að bera saman aðra landbúnaðarvöru, vínið, sem margir hafa sérstakan unað af að smakka og smjatta á. Eins hafa innflytjendur kaffis, sem líka er landbúnaðarafurð, nýtt sér þessa möguleika til markaðssetningar. Það vantar enn mikið uppá að við markaðssetjum lambakjötið rétt. Það er ekkert til lengur sem heitir “þetta er fullgott í kjaftinn á neytendum” eins og í eina tíð var sagt og krafa framleiðenda að útflytjendur nýti alltaf bestu leiðir og vinni saman.

Ísólfrur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Stuttar fréttir frá hreppsskrifstofu

Flúðaskóli 75 ára.

Mikið verður um dýrðir þann 9. október þegar Flúðaskóli verður 75 ára. Forsvarsmenn skólans munu kynna dagskrána þegar nær dregur. Í tilefni afmælisins verður vonandi hægt að taka í notkun nýjan sparkvöll við skólann en vinna við gerð hans er langt kominn. Nokkrir áhugasamir einstaklingar hafa verið duglegir í sjálfboðavinnu við völlinn og eru forsvarsmenn sveitarfélagsins mjög þakklátir fyrir það og einnig þakklátir því fólki sem hefur lagt til vélar til aðstoðar. Þá verða á næstunni settar upp körfur á skólalóðina, allt þetta verður til þess að gera góðan skóla enn betri. Nú er bara að krossleggja fingur og vonast til þess að samningar kennara og Launanevndar sveitarfélaga náist svo ekki þurfi að koma til verkfalls sem alltaf bitnar á röngum aðilum, en kennarar hafa boðað til verkfalls þann 20. september hafi samningar ekki náðst fyrir þann tíma.

Gamla tún ný gata!

Framkvæmdir við gatnagerð í svokölluðu “Gamla túni” eru nú að komast á lokastig. Það var í raun tímabært að lagfæra götuna og lagnir sem tilheyra henni enda er þetta elsta íbúðargatan í þéttbýlinu á Flúðum. Við hvetjum verktakana til að spýta í lófana svo hægt verði að klippa á borðann og opna götuna sem allra fyrst. Áætlað er að leggja malbik á götuna þann 14. september n.k. Heildarkostnaður nemur um 20 milljónum króna en tekjur af gatnagerðagjöldum nema um kr. 3.3 milljónum.

Gjafmildur “gamall” íþróttakennari.

Guðbjörg Runólfsdóttir og Georg Már Ottósson sem reka Garðyrkjubýlið Jörfa á Flúðum hafa ákveðið að gefa fimleikadeild Ungmennafélags Hrunamanna trambolín sem kemur til með að nýtast ungu íþróttafólki vel. Ekki fylgir sögunni hvort Georg, sem var lengi íþróttakennari á Flúðum, tekur fyrsta heljarstökkið á trambolíninu en altént er þetta gott framtak hjá þeim hjónum sem vert er að þakka.

Áfram unnið að aðalskipulagi

Áfram er unnið hörðum höndum að aðalskipulagi fyrir Hrunamannahrepp. 1. september s.l. var haldinn borgarafundur sem einnig var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þannig að sumarhúsaeigendur í hreppnum gætu einnig fylgst með skipulagstillögunum. Fundinn sóttu um fimmtíu manns, þar kynnti Eva Marín Hlynsdóttir, merkilega meistaragráðu ritgerð sína um sameiningarmál og samvinnu sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og er vert að óska Evu til hamingju með þessa merkilegu ritgerð og prófgráðuna. Einnig fór sveitarstjóri yfir það helsta sem á döfinni er í sveitarfélaginu. Síðari hluti fundarins fór í fyrirspurnir þar sem Hrund Skarphéðinsdóttir, verkfræðingur, Árni Ólafsson arkitekt og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sátu fyrir svörum. Áfram er unnið að tillögunum sem brátt verða á lokastigi.

Ragnar Kristinn tónsmiður

Hann gerir það ekki endasleppt hann Rangar Kristinn Kristinsson sveppabóndi á Flúðum. Bogomil Font eða Sigtryggur Baldursson eins og hann heitir fullu nafni hefur sungið lag eftir Ragnar inn á geisladisk. Lagið heyrir oft í Ríkisútvarpinu og heitir Reykjavík og er textinn eftir Hallgrím Helgason. Í byrjun þessa mánaðar voru síðan tónleikar þar sem ung lettnesk stúlka Dzintra Milca - Erliha að nafni lék lög frá heimalandi sínu. Síðan lék hún undir nokkur falleg dægurlög sem Þuríður Sigurðardóttir söng og loks lék Dzintra níu lög eftir Ragnar Kristinn og var gerður sérlega góður rómur að tónleikunum. Þésinn óskar Ragnari til hamingju með þetta allt saman. Einu sinni var tónskáld á Ísafirði sem hét Ragnar H. Ragnars, við eigum okkar Ragnar Kristinn sem er margt til lista lagt.

Gara, gara, gara eru teskeiðarnar?

Guðmundur Karl húsvörður í félagsheimilinu er að undirbúa vetrarstarfið í húsinu. Hann biður þann eða þá sem fengu lánaðar teskeiðar í félagsheimilinu um að skila þeim sem fyrst því ekki sé hægt að hræra í kaffibollunum fyrir þá sem enn nota sykur í kaffið nema að þær komi í hús. Ekkert írskt kaffi verður afgreitt fyrr en teskeiðarnar finnast.

Magnaðir félagsmála- og íþóttamenn!

Í síðasta Pésa sagði ég frá afrekum Jóhannesar Sigmundssonar í þátttöku á Landsmótum UMFÍ. En það er einnig annar Hreppamaður sem ekki hefur gert það endasleppt í keppni, þátttöku og liðstjórn á Landsmótum. Þetta er vinur vor, Karl Gunnlaugsson á Varmalæk. Hann fór fyrst á Landsmót 1949 og hefur farið á öll landsmót síðan, utan eitt. Karl var einnig valinn í landslið Íslands 70 ára og eldri þrjú ár í röð. Geri aðrir betur! Þeir eru magnaðir þessir karlar.

Konur á reiðnámskeiði.

Forsvarsmenn Hestamannafélagsins Smára buðu uppá reiðnámskeið fyrir skemmstu. Um 20 konur mættu til leiks og þykja þær enn magnaðri knapar á eftir. Hugrún Jóhannsdóttir var kennari á námskeiðinu sem endaði með því að konurnar riðu að Efra- Seli og borðuðu þar þjóðarrétt Ítala. Enginn datt af baki og nú bíða menn spenntir eftir réttunum til að fylgjast með reiðlægni kvennanna sem á námskeiðinu voru.

Endurfjármögnun lána

Það hefur ekki farið framhjá íbúum hreppsins eða gestum sem heimsækja okkur að miklar framkvæmdir hafa verið í Hrunamannahreppi um langt skeið. Vegna þessa og vegna aukins rekstrarkostnaðar hefur lausafjárstaða hreppsins verið veik um nokkurt skeið. Um mánaðarmótin var gengið frá endurfjármögnun lána og gengið frá lánssamningum við KB banka vegna þessa. Stundum er sagt að það sé dýrt að vera fátækur og vissulega eru það blóðpeningar þegar verið er að greiða dráttarvexti. Lánssamningarnir eru tvíþættir annars vegar er um innlent lán að ræða að upphæð kr. 135.000.000 með 5.65% verðtryggðum vöxtum og hins vegar um lán að andvirði kr 90.000.000 sem saman stendur af 30% bandaríkjadollara, 30% Svissneskum frönkum, 10% japönskum jenum og 30% eru evrur. Lánin verða notuð til að greiða niður óhagstæðari lán, lengja lánstímann, minnka greiðslubyrði og auk þess til að losna við yfirdrátt en greiddir eru tæplega 12% vextir af yfirdrætti.

Að standa í skilum

Mjög margir hafa brugðist vel við þegar við höfum innheimt gamlar viðskiptaskuldir hér á hreppsskrifstofunni. Fyrir það ber að þakka enda er skilvísí íbúanna undirstaða þess að við getum rekið þetta sveitarfélag og afar óréttlátt fyrir skilafólk að fólk komist upp með að skulda fyrir dagvist barna, mótuneyti, fasteignaskatta eða hvaða nöfnum sem skuldirnar nefnast. Vanskilaskuldir bæði frá Hitaveitu Flúða og frá hreppsskrifstofu hafa verið sendar í innheimtu hjá lögmönnum. Enn eru margir sem skulda frá þessu ári og eru þeir sem það gera hvattir til að gera upp hið fyrsta. Skilvísísum íbúum er hins vegar þökkuð skilvísín. Skuldir sem myndast hafa á þessu ári og ekki hafa verið gerðar upp verða sendar í innheimtu í lok október.

Mikið um að vera á réttadaginn

Að vanda verður mikið um að vera hér í Hrepp á réttadaginn. Að þessu sinni hefjast réttir ekki fyrir en kl. 10 f.h. Það leiðir auðvitað til þess að úthald manna verður enn meira en áður þar sem réttir hafa venjulega hafist hér kl. 9 f.h. Fyrir þá sem vilja gæða sér á réttasúpu verður hún m.a. framreidd í hinum nýja golfskála í Snússu. Þá geta þeir sem vilja bregða undir sig betri fætinum farið á magnað réttaball hjá Árna á Útlaganum en þar mun hin vinsæla hljómsveit Sixties leika öll gömlu góðu lögin og hin nýju líka

Nýr leikskólastjóri.

Jóna Guðbjörg Ólafsdóttir, hóf störf á Leikskólanum Undralandi eftir sumarleyfi. Jóna er reyndur leikskólakennari hefur verið leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í Hafnarfirði. Eydís Helgadóttir hefur verið ráðin aðstoðarleikskólastjóri en hún ásamt þeim Kristínu Magdalenu Ágústdóttur og Höllu Gunnarsdóttur eru allar lærðir leikskólakennarar. Þannig að við búum vel af fagfólki á hinum nýja glæsilega leikskóla okkar. Ólöf Bettý Grétarsdóttir f.v. leikskólastjóri lét af starfi 1. ágúst og eru henni þökkuð störf í þágu skólans og einnig Auðbjörgu Lilju Lindberg sem hefur látið af störfum eftir langt og gott starf á leikskólanum.

Borað eftir köldu vatni

Kaldavatnsnotkun okkar hefur verið í betra jafnvægi í sumar en t.d. síðasta sumar. Engu að síður er enn kannað hvort hægt er að finna meira af köldu vatni. Nú bora fulltrúar Jarðborana í landi Hruna. Þegar þetta er skrifað eru bormenn u.þ.b. hálfnaðir að bora og ekkert vatn hefur fundist enn. Gárungarnir telja að ef til vill komi upp vígt vatn í Hrunalandi – það væri náttúrulega enn betra.

Nýr starfsmaður í íþróttahúsi

Hjálmar Gunnarsson er nýr starfsmaður í íþróttahúsi. Hann er þegar farinn að láta að sér kveða við ýmsar smáviðgerðir o.fl. Hjálmar er vestfirðingur og býr í Unnarholti. Hjálmar er sjómaður og vanur ýmsu volki. Vonandi líður honum vel hjá okkur í íþróttahúsinu og er hann boðinn velkominn til starfa. Þær stóllur Hanna Lára Bjarnadóttir og Marta Hjaltadóttir tóku hreingerningarrassíu á húsinu eftir sumarið. Nú er um að gera fyrir íbúa hreppsins að nýta sér góða aðstöðu í íþróttahúsinu – og hressa sig fyrir veturinn. Við eigum að nýta okkur aðstöðu í íþróttahúsinu og sundlauginni en við getum tekið á móti miklu fleira fólki á báða staði.

Nefnd um íbúðir fyrir aldraða.

Talsverð umræða hefur farið fram í sveitarfélaginu um hugsanlegar íbúðir fyrir aldraða til viðbótar þeim sem eru í notkun nú þegar. Á síðasta fundi hreppsnefndar voru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefnd til þess að kanna þessi mál. Þeir eru: Guðbjörg Björgvinsdóttir, formaður, Loftur Þorsteinsson, Sr. Eiríkur Jóhannsson, Sigurður Tómas Magnússon og Þorbjörg Grímsdóttir.

Línuvegur boðinn út

Landsvirkjun hefur boðið út svokallaðan Línuveg austan Hvítár. Kostnaðaráætlun hljóðaði uppá kr. 144. milljónir. Lægsta tilboð kom frá Rósabergi á Höfn en þeir buðu kr. 119.8 milljónir, Næst kom Ræktunarsamband Flóa- og Skeiða sem buðu 114.6 milljónir en þriðju urðu Nesey sem bauð kr. 177.4 milljónir í verkið. Nú eru tilboðin í skoðun hjá Landsvirkjun og ekki hefur verið samið enn við verktaka.

AUGLÝSING
vegna riðu í Árnassýslu

1. gr.

Sýkt svæði eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

2. gr.

Bann er í allri Árnassýslu við flutningum á sauðfé og geitum til lífs milli hjarða. Sameiginlegar hrútasýningar eru bannaðar.

Á ósýktum svæðum og áhættusvæðum getur héraðsdýralæknir veitt undanþágu til samnýtingar hjarða á nágrennabæjum, enda verða hjarðirnar þá reiknaðar sem ein smiteining og báðar felldar ef upp kemur riða.

3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálm og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálm og þökum af tünnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúsahverfum í Árnassýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúsahverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðisnefnds.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir geng þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004

F.h.r.
Guðmundur B.Helgason

Gítarnámskeið og dansæfingar á Kaffi-Seli

Gítarnámskeið verður haldið á Kaffi-Seli í golfskálanum á fimmtudögum og hefst 30. september. Um er að ræða hópnámskeið, 10 skipti, klukkutíma í senn (hámark 10 í hóp). Þátttökugjald er kr. 8 þús. Leiðbeinandi: Sólmundur Friðriksson s. 821-2690

ATH. Námskeiðið er hugsað fyrir fullorðna og miðast við að kenna undirstöðuatriði í undirspili þekktra söng- og dægurlaga. Ef áhugi og svigrúm verður fyrir hendi kemur til greina að halda hópnámskeið fyrir börn frá 11 ára (árgangur '93 og eldri).

Dansæfingar verða á föstudögum og hefjast 1. október. Hver æfing stendur í 1½ klst. og verða 10 skipti. Þátttökugjald er kr. 6 þús. á par. Leiðbeinendur: Ástríður G. Daníelsdóttir og Halldór Guðnason s. 486-6690 og 486-6454. Einnig er möguleiki að vera með dansæfingar fyrir eldri borgara um miðjan dag.

Sunnudaginn 19. september kl. 14-16 verður skráning á Kaffi-Seli í ofangreind námskeið, þar sem gengið verður frá þátttökugjöldum og frekari upplýsingar veittar. Einnig verður skipt í hópa eftir getu og óskum nemenda.

**Opna Réttamótið á Selsvelli
Laugardaginn 11. sept.
Réttamót – punktakeppni**

Verðlaun fyrir 4 efstu sæti og einnig fyrir besta skor.

Nándarverðlaun fyrir næst holu á öllum þar 3

brautunum og fyrir lengsta teighögg á 18. braut.

Kvöldverður strax að lokinni verðlaunaafhendingu sem
hefst kl. 20.

Á borðum verður mexíkanskt með ívafi Hafðísar.

Mótsgjald og matur 3 þúsund á mann en annars 2000
fyrir mótið eitt og sér.

Ræst verður út frá 8. – 12.30.

Skráning á golf.is og í golfskálanum í s. 486-6454.

**Golfklúbburinn Flúðir
Stofnaður 1985**

3 kettlingar fást gefins

Allt fress

Uppl. í síma 661-7365

Frá Flúðaskóla –v/bókasafn

Vantar starfsmann í 50% stöðu við sameinað

Bókasafn Hrunamanna og Flúðaskóla. Þyrfti að
geta byrjað strax.

Nauðsynlegt að viðkomandi sé vel fær á tölvu
vegna skráningar.

Upplýsingar er að fá hjá okkur í skólanum í síma
480 6611.

Guðjón Árnason skólastjóri

Réttastemmni ng á ÚTLAGANUM

Opnum kl. 12:30 föstudaginn 10. september
opið allan daginn, ýmis tilboð

Um kvöldið leikur

Hljómsveitin S IXTIES

fyrir dansi

A.T.H

Laugardagskvöldið 11. september

LOKAÐ



VERÐ M. VSK.

6.723.-

8.093.-

11.330

